

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 9. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0010
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt Skipulagstofnunar, dags. 3. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulag sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í lýsingunni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Meðal meginviðfangsefna sem dregin eru fram í upphafi skipulagslýsingarinnar er að standa vörð um náttúru s.s. landslag og lífríki. Þegar kemur að stefnumótun og áherslum um náttúruvernd vill Náttúrufræðistofnun almennt benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags).

Þá leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar www.ni.is m.a. vefsjár sem sýna kortlagningu vistgerða, náttúruminja sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 61 um sérstaka verndun, jarðfræðikort, mikilvæg fuglasvæði, selasvæði o.fl.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Þá ber að benda á á tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár sem skoða má í vefsjá sem og á staðreyndasíðum. Sjá hér: <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>. Innan marka sveitarfélagsins eru átta svæði sem hafa verið tilnefnd fyrir B-hlutann og vert að tekið sé tillit til verndargildis þeirra við ákvarðanir í aðalskipulagi eins og við á. Hér er meðal annars um að ræða mikilvæg fuglasvæði t.d. á votlendis- og fjörusvæðum í Hornafirði,



Skarðsfirði og í Lóni sem og varplönd skúms á Breiðamerkursandi en skúmi hefur fækkað mjög og er á valista og mikilvægt að hlúa að varpsvæðum hans.

Aðgerðir í þágu náttúruverndar snúa bæði að skipulögðum verndaraðgerðum t.a.m. að skilgreina verndarsvæði, hvort sem er í skipulagi t.d. með hverfisvernd eða í samráði við stjórnvöld s.s. friðlýsingar eða friðun tiltekinna náttúrufrýrbæra. Hér felast m.a. tækifæri í stækkun Vatnajökulþjóðgarðs þar sem það á við.

En aðgerðirnar snúast einnig um val og skipulag á svæðum fyrir landnotkun og framkvæmdir sem þeim fylgja sem geta mögulega rýrt verndargildi og hvernig best er að stýra umfangi og eðli slíkrar landnotkunar. Hvetur Náttúrufræðistofnun sveitarfélagið til að skoða þetta sérstaklega vandlega á þeim svæðum sem skilgreind hafa verið með hátt verndargildi t.a.m. tillögur að B-hluta. Þetta á ekki síst við um votlendis- og strandsvæði þar sem fuglalíf er auðugt og ýmsar ábyrgðartegundir verpa eða dvelja á far- og vetrarstöðvum og þar sem finnast sjaldgæfar vistgerðir með hátt verndargildi eins og gulstararfitjavist og leiruvistir. Stíga þarf varlega til jarðar við að heimila landnotkun eða framkvæmdir sem valda miklu raski á svo verðmætum svæðum og ef það er óumflýjanlegt að skoðaðar séu öflugar mótvægisáðgerðir í nágrenninu eða annars staðar í sveitarfélaginu t.d. endurheimt votlendis, landgræðsla og verndun þar sem við á.

Annað meginviðfangsefni endurkoðunarinnar varðar viðbrögð við loftslagsbreytingum. Náttúrufræðistofnun vill þar benda á mikilvægi þess að samþætta slíkar aðgerðir við aðgerðir í náttúruvernd. Náttúruverndaraðgerðir geta til dæmis vegið þungt við að auka kolefnisbindingu sem og að styrkja aðlögun að loftslagsbreytingum. Í því samhengi má nefna verndun votlendis, straum- og stöðuvatna og fjörusvæða bæði vegna kolefnisbindingar, vatnsmiðlunar og temprunar á flóðaviðburðum. Þá er verndun og endurheimt gróskumikilla þurrlandisgróðurlenda svo sem kjarr-, gras- og mólendis mikilvæg til að styrkja bindingu kolefnis í jarðvegi og jafnframt vernda mikilvægar vistgerðir. En það þarf einnig að tryggja að aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum svo sem skógrækt með framandi tegundum, aðgerðir í þágu orkuskipta og þétting byggðar valdi ekki óákjósanlegum breytingum á svæðum sem hafa hátt verndargildi fyrir líffræðilega fjölbreytni eða landslag. Leggja þarf mat á áhrif slíkra áforma á helstu umhverfisþætti t.d. fuglalíf, vistgerðir, jarðminjar, landslag o.fl. Mælt er til þess að taka tillit til þessa við gerð aðalskipulagsins.

Töluvert er fjallað um efnistöku enda aukin ásókn í efnistöku af ýmsum toga í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að mörkuð sé heildstæð stefna um þetta og skilgreind hvaða svæði koma til greina og hver ekki vegna verndargildis t.d. landslags, jarðminja eða lífríkis.

Það þarf ekki að fullyrða um verndargildi stórbrotins landslags í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að horft sé til áhrifa landnotkunaráforma á landslag og ekki síst þar sem uppbygging er áformuð á áður lítt snortnum svæðum t.d. í tengslum við ferðaþjónustu eða mögulega orkuvinnslu s.s. með smávirkjunum eða vindorkuverum. Óbyggð víðerni finnast innan sveitarfélagsins, að stórum hluta hulin jökli en þó ekki einungis. Mikilvægt er að taka tillit til verndargildis þeirra.

Í kafla fimm eru viðfangsefni er tengjast vistkerfum og auðlindum tilgreind og því er fagnað að þar er áætlað að kanna vel og ígrundað marga efnisþætti m.a. með tilliti til verndargildis og verndarstöðu.

Jákvætt er að skoða á vandlega áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélag og greina aðgerðir til aðlögunar. Benda má á að nýtt land sem kemur undan hopun jökla er í senn viðkvæmt og með hátt verndargildi ekki síst vegna vísindagildis. Móta þarf stefnu um hvernig slíkt land er meðhöndlað og Náttúrufræðistofnun hvetur til þess að þetta sé sérstaklega skoðað.

Jákvætt er að yfirfara á stefnu um hverfisvernd í ljósi stefnumótunar og alþjóðamarkmiða um verndun landslags og líffræðilegrar fjölbreytni. Aftur vísar Náttúrufræðistofnun í tillögur stofnunarinnar um B-hluta náttúruminjaskrár í þessu samhengi sem og nógildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) og mikilvæg fuglasvæði. Þá má benda á að friðlýstar plöntutegundir hafa fundist í sveitarfélaginu. Hvatt er til þess að fjölga verndarsvæðum.

Í kafla 8 er greint frá væntanlegu umhverfismati aðalskipulagstillögunnar. Í lið 8.2. eru tilgreindir helstu umhverfisþættir og er sá listi langur og ítarlegur sem er vel. Varðandi jarðminjar mætti þó bæta við jarðgrunn þ.e.a.s. laus jarðlög sem sérstakt viðfangsefni.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari samtals og ráðgjafar um einstaka efnisþætti endurskoðunar aðalskipulagsins ef þess er óskað en sveitarfélagið býr einnig vel að fagstofnunum í heimabyggð þar sem þekking um náttúru svæðisins er mikil s.s. Náttúrustofu Suðausturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Höfn og Vatnajökulsþjóðgarð.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs